

Nr. 047 / 12 Brimrún**Leki í höfn**

Skipaskr.nr. 2738
Smíðaður: Noregi 1978, trefjaplast
Stærð: 30 brl. 32 bt.
Mesta lengd: 15,75 m Skráð lengd: 14 m
Breidd: 4,38 m Dýpt: 1,85 m
Vél: 2 x GM, 838 kW, 1978
Fjöldi skipverja:
Fjöldi farþega:



Andrea©RNS

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. maí 2012 var farþegaskipið Brimrún við bryggju í Stykkishólmi.

Skipið hafði komið úr slipp fyrr um daginn og var yfirfarið áður en það var yfirgefið við bryggjuna og þá virtist allt vera í lagi. Nokkrum klst. síðar var skipið farið að halla og orðið nokkuð sigið að aftan. Í ljós kom að leki var að vélarýminu og var óskað eftir slökkviliði með dælur.

Greiðlega gekk að dæla austrinum en um bilun í einstefnuloka á lensidælu var að ræða en hann hafði ekki lokast eftir að dælt hafði verið úr rýminu áður en skipið var yfirgefið. Skemmdir urðu á tengiboxi fyrir dælur en allur vélbúnaður slapp.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að skipið kom úr slippnum og hafði verið siglt innan hafnar komu í ljós lekar með öxulþétti og hosum á sjókæli. Þetta var lagfært áður enn skipið var yfirgefið;
- að í ljós kom að um var að ræða bilun í einstefnuloka á lensidælu;
- að lensidælan, sem er bæði handvirk og sjálfvirk, er staðsett í hólfi í vélarrúmsbotninum. Fram kom að hún var ekki höfð virk í höfn en sett á sjálfvirkni þegar komið er úr höfn. Frá lensidælunni liggur barki upp undir loft í vélarrýminu (40 – 50 sm yfir sjólinu) og þaðan niður í úttak sem er um 10 sm neðan sjólinu. Innan við úttakið eru annarsvegar handvirkur loki og hinsvegar einstefnuloki sem kemur í veg fyrir að sjór geti runnið inn í bátinn þegar dælan er stöðvuð;

- að báðir þessir lokar eru í sjó þegar skipið er á floti og haldast liðugir af þeim sökum. Báturinn hafði staðið á landi í um 4 mánuði og mögulegt, að mati útgerðaraðila, að einstefnulokinn hafa stirnað við það;
- að talið er líklegt að einstefnulokinn hafi ekki lokast þegar austrinum vegna lekans á stefnispípunni var dælt út og menn ekki orðið varir við þetta innstreymi þar sem lensidælan er undir pöllum;
- að þegar báturinn fór að síga meira og hallast hefur sjór náð að renna inn með púströri, sem liggur aftur úr skutnum, en vegna hitaþenslu er ekki fullkomlega þétt með því;
- að lekaviðvörðunarkerfi var í vélaryminu en eins og fram hefur komið var báturinn mannlaus;
- að lensidælur voru ekki hafðar á sjálfvirkri stillingu í höfn til að koma í veg fyrir að olíusmit frá vélum færi í höfnina;
- að ákveðið var að endurskoða úttakið fyrir lensidæluna vegna atviksins. Í stað úttaka neðan sjávarmáls á stb. síðu voru sett ný upp undir þilfarsbrún fyrir nálægt miðju aftast í vélarrúmi. Á úttökin voru settir nýir einstefnulokar auk spjaldloka.

Nefndarálit:

Orsök lekans var bilun í einstefnuloka.